

Starfsmannastefna

Veritas Capital og dótturfélaganna Vistor, Distica, Artasan og Medor

Markmið Veritas Capital og dótturfyrirtækjanna er að þar starfi aðeins bestu starfsmennirnir sem völ er á hverju sinni. Stefnt er að því að þeir séu ávallt vel menntaðir, rétt þjálfðir og hæfir til að sinna starfi sínu af fagmennsku, alúð og ánægju.

Starfsfólk Veritas samstæðunnar hefur einsett sér að hafa hreinskiptni, framsækni og áreiðanleika að leiðarljósi í öllum sínum störfum. Gildin eru forsenda þess að styrkja traust og stuðla að langtímasambandi á milli fyrirtækjanna, starfsfólksins, viðskiptavina, birgja og samfélagsins.

Staðið er faglega að ráðningum og móttöku nýrra starfsmanna, fylgst er með starfsþróun einstaklinga og hlúð að mannauðsbætandi þáttum.

Starfsþróun og fræðslustarf í fyrirtækjunum tekur mið af stefnu fyrirtækjanna og hlutverki viðkomandi deilda auk verkefna viðkomandi starfsmanna. Starfsmenn og stjórnendur bera sameiginlega ábyrgð á starfsþróun, símenntun og þekkingaröflun.

Starfsmenn umgangast hver annan af kurteisi og virðingu. Fólk er jákvætt og heiðarlegt; hreinskilið og baktalar ekki hvert annað.

Einn af hornsteinum gæðastefnu fyrirtækisins er að starfsmenn þess gæti fyllsta trúnaðar gagnvart öllum viðskiptavinum og umþjófendum þess.

Fyrirtækin vilja stuðla að bættri heilsu starfsmanna því staðreyndin er að bætt heilsa leiðir til aukinnar starfsánægju, fækkun fjarvista og betri líðanar.

Okkar meginmarkmið eru:

- Að starfsánægja sé ávallt í hámarki til að efla liðsheild og hámarka árangur í starfi
- Að launakjör séu samkeppnishæf við það sem greitt er fyrir sambærileg störf á markaði
- Að gæta jafnréttis í einu og öllu
- Að stuðla að jafnvægi á milli starfs og einkalífs
- Að tryggja að upplýsingamiðlun uppfylli þarfir starfsmanna og fyrirtækisins
- Að starfsmenn fái reglulega hreinskiptna og uppbyggilega endurgjöf um frammistöðu sína
- Að uppfylla í öllu þarfir og kröfur birgja og þess lagaumhverfis sem við búum við
- Að tryggja starfsþróun með sí- og endurmenntun starfsmanna
- Að starfsmenn kappkosti að vinna að eflingu liðsheildar og miðla þekkingu og reynslu á þann hátt að það nýtist öðrum jafnt sem þeim sjálfum.